

VSÓ Ráðgjöf ehf  
Guðjón Jónsson  
Borgartún 20  
105 Reykjavík

2001070056  
2000; 2300; 9310

Reykjavík, 19. október 2001  
/--

**Efni: Jarðhitanýting á Reykjanesi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Hitaveitu Suðurnesja að matsáætlun um jarðhitanýtingu á Reykjanesi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi VSÓ dags. 17. september 2001 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Hitaveita Suðurnesja. Jarðhitanýting á Reykjanesi. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. VSÓ. September 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Ferðamálaráði Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Orkustofnun og Þjóðminjasafni Íslands.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Grindavíkurbæ með bréfi dags. 27. október 2001, Reykjanesbæ með bréfi dags. 16. október 2001, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 19. október, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 5. október 2001, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 3. október 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 28. september 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 11. október 2001,

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í

kjölfar umsagna með bréfi dags. 15. október 2001.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 15. okt. 2001, með eftirfarandi athugasemdum:

### **Fyrri málsmeðferð**

Í matsskýrslu verði uppfyllt skilyrði sem umhverfisráðuneytið gerði framkvæmdaraðila að uppfylla í frekara mati í úrskurði sínum um kæru vegna frummats jarðhitanýtingar á Reykjanesi, dags. 30. ágúst 2000.

### **Valkostir**

Í tillögu að matsáætlun og svarbréfi framkvæmdaraðila við umsögnum, dags. 15. okt. 2001, kemur fram að fjallað verði um möguleika á skáborun í matsskýrslu og greint frá forsendum hennar í samanburði við hefðbundna háhitaborun. Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur sú ósk fram að fjallað verði um möguleika á annarri staðsetningu borhola en kynnt er í tillögu að matsáætlun og gerð grein fyrir skáborun í því samhengi. Í ljósi umsagnar Náttúruverndar ríkisins bendir Skipulagsstofnun á að umfjöllun um möguleika á skáborunum í matsskýrslu þurfi að taka til hugsanlegara valkosta bæði m.t.t. borunaraðferðar og staðsetningar.

### **Afmörkun áhrifasvæðis**

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdar of þrönga. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu þurfi áhrifasvæði samkvæmt þeirri tilhögun framkvæmdar sem þar verður kynnt að ná yfir það svæði sem ætla má að áhrifa framkvæmdar muni gæta en ekki eingöngu framkvæmdasvæði. Þannig verði afmörkun áhrifasvæðis á uppdrætti eða mynd í matsskýrslu í samræmi við þær niðurstöður mats á umhverfisáhrifum sem birtar verða í matsskýrslu.

### **Skipulag**

Hluti fyrirhugaðra framkvæmda er utan þess iðnaðarsvæðis sem afmarkað er í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 og krefst því breytinga á því. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir þessum breytingum. Lýsa þarf skipulagsmeðferð vegna framkvæmda innan marka Grindavíkur. Gera þarf grein fyrir stöðu vinnu við deiliskipulag og þeim þáttum orkuvinnslunar sem tekið verður á í deiliskipulagi.

Elín Smáradóttir

Óli Halldórsson

Afrit: Grindavíkurbær, Reykjanesbær, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Ferðamálaráð Íslands, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Orkustofnun og Þjóðminjasafn Íslands.